

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Steinari Þorfinnssyni, kr. 3.990.00 með 7% ársvöxtum frá 21. júní 1961 til greiðsludags og kr. 1.600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. febrúar 1963.

Nr. 1/1961. **Sigurður Sigfússon** (Ólafur Þorgrímsson hrl.)
 gegn
Sigurði J. Guðmundssyni
 (Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking málsmeðferðar og héraðsdóms.

Dómur Hæstaréttar.

Í máli þessu, sem skotið var til Hæstaréttar með stefnu 3. janúar 1961, er af hálfu áfrýjanda aðallega krafizt ómerkingar hins áfrýjaða dóms og málsmeðferðar í héraði svo og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að ómerkingarkröfunni verði hrundið og áfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað í Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti liggja ekki þau gögn um samband málflytjanda stefnanda í héraði og hins reglulega héraðsdómara, er stýrði meðferð málsins til 3. nóvember 1959, að til úrlausnar komi, hvort ómerkja beri meðferð málsins frá upphafi. Þess ber og að geta, að Dómsmálaráðuneytið skipaði hinn 29. júlí 1960 annan lögfræðing til að halda fram frekari meðferð málsins, að því er virðist samkvæmt 2. mgr. 30. gr. laga nr. 85/1936, enda hafði hinn reglulegi dómari eigi vikið dómaraþæti.

Í málinu var í héraði ávallt sótt þing af hálfu áfrýjanda, unz málið var dómtekið 3. nóvember 1959 „með

fyrirvara“, eins og bókað er í þingbók. Við endurupptöku málsins 27. september 1960 hefur héraðsdómi láðzt að kveðja til áfrýjanda eða umboðsmann hans, en þann dag voru lögð fram ný skjöl í dóminum og vitni leitt. Verður því að ómerkja meðferð málsins frá téðum degi svo og hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Eftir atvikum þykir málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti eiga að falla niður.

Það athugast, að ekki sést, að héraðsdómari hafi leiðbeint ólöglærðum umboðsmanni áfrýjanda um málsmeðferð.

Átelja ber óhæfilegan drátt á meðferð málsins í héraði og flutningi þess fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Meðferð máls þessa í héraði frá og með 27. september 1960 og hinn áfrýjaði dómur eiga að vera ómerk. Vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Sauðárkróks 4. október 1960.

Mál þetta var dómtekið 3. nóvember f. á. og síðan endurupptekið 27. f. m. til frekari gagnaöflunar og tekið til dóms samdægurs. Málið er höfðað fyrir bæjarþingi Sauðárkrókskaupstaðar með stefnu, útgefinni 9. september 1959 af Sigurði J. Guðmundssyni sjómanni, Skógargötu 6, Sauðárkróki, gegn Sigurði Sigfússyni byggingarmeistara, Bogahlíð 16, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 80.000.00, kostnaðar vegna dómkvaðningar matsmanna og matskostnaðar kr. 4.210.00 eða samtals kr. 84.210.00, auk 6% ársvaxta af þessari fjárhæð frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Málið var þingfest 22. september 1959. Stefndi fékk frest til 13. október til að skila greinargerð og til gagnaöflunar og síðan framhaldsfrest til 27. s. m. Enn bað stefndi um frest, en er stefnandi mótmælti því, að málinu yrði frestað að nýju, var það

atriði tekið til úrskurðar. Með úrskurði, uppkveðnum 3. nóvember s.l., var stefnda synjað um frekari frest, og féll þar með niður þingsókn af hans hálfu í málinu. Málið verður því dæmt eftir framlögðum skjölum og skilríkjum samkvæmt ákvæðum 118. gr. laga nr. 85/1936.

Með sérstakri umboðsskrá, útgefinni í dómsmálaráðuneytinu 29. júlí s.l., var Elías Eliasson fulltrúi skipaður til þess að fara með og dæma mál þetta; hefur hann síðan farið með málið og kveður upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum Ingólfi Nikodemussyni húsasmíðameistara og Kára Hermannssyni múrarmeistara.

Málavextir eru þessir:

Stefndi byggði húsið nr. 6 við Skógargötu á Sauðárkróki fyrir stefnanda og bróður hans, Helga Guðmundsson, sem nú er látinn. Mun þetta hafa verið á árunum 1948—1950. Samkvæmt veðbókarvottorði á dskj. nr. 18 er stefnandi máls þessa nú einn eigandi hússins. Húsið er byggt eftir teikningu, er stefndi gerði sjálfur (sbr. dskj. nr. 5), og stóð hann fyrir byggingu þess. Er hér um að ræða tvílyft hús, 9×10 m að flatarmáli, kjallara-laust og með valmapaki. Húsið er að mestu gert úr steinsteypu, að öðru leyti en því, að loft milli hæða, loft yfir efri hæð og þak svo og nokkrir innveggja eru úr timbri.

Stefnandi heldur því fram, að fljótlega eftir að húsið var fullbyggt hafi tekið að bera á sprungum í innveggjum þess. Í fyrstu hafi verið talið, að hér væri um að ræða venjulegar múrsprungur, enda hafi stefndi látið í veðri vaka, að svo væri, er þetta var fært í tal við hann. Er tímar liðu og gallar hússins ágerðust og stefndi fékkst ekki til að bæta úr þeim, tók stefnandi það til ráðs að rita bæjarfógetanum á Sauðárkróki bréf þann 6. maí 1959, þar sem hann skýrði frá göllum hússins og taldi sig eiga kröfu um bætur á hendur stefnda vegna gallanna; beiddist hann dómkvaðningar tveggja óvilhallra manna til þess „að skoða og lýsa skemmdum á húsinu“ og „tilgreina, ef unnt reyndist, orsakir skemmdanna“ svo og „að meta til peningaverðs, hvað það muni kosta að gera við skemmdirnar, þannig að húsið verði jafngott og þær hefðu ekki fram komið“. Til starfa þessa dómkvaddi bæjarfógeti þann 9. maí 1959 þá Ásgeir Valdimarsson byggingarverkfræðing og Svein Ásmundsson byggingarmeistara. Kváðu þeir upp mat sitt þann 10. júní 1959, og voru umboðsmenn aðilja máls þessa viðstaddir, er mat fór fram. Lýsa matsmenn húsinu svo m. a.:

„.... Á innveggjum í austurhluta hússins eru hins vegar miklar sprungur, sumar það víðar, að sjá má á milli herbergja. Gólfið hallar einnig allmikið á neðri hæð og nokkuð á þeirri efri.

.... Við athugun kom í ljós, að 8—10 cm holrúm var undir plötu og innvegg 1 við gat a (sjá dskj. nr. 5), en við gat b reyndist holrúm undir vegg 1 og 2 nokkru minna 4—6 cm,

Undir innvegg 1, sem er annar aðalburðarveggur hússins, var hvorki sökkull eða grunnplata. Við hallamælingar, sem gerðar voru á gólfi neðri hæðar, reyndist gólfið halla allt að punkti c, við reyk háf og bak við stiga, sem svarar um 6—7 cm frá útveggjum Sprungum á neðri hæð er þannig háttað, að bæði er um að ræða sprungur, sem liggja upp og niður veggina og hallar þeim, svo að fjarlægð þeirra frá útveggjum verður meiri eftir því sem fjær dregur gólfi, en einnig eru þar láréttar sprungur í veggjarhlutum, sérstaklega milli dyraopa. Af framanrituðum ummerkjum virðast umræddar skemmdir á húsinu stafa af því, að reyk háfur hússins hefur sigið um 6—7 cm af þunga sínum niður í grunninn og dregið með sér aðra hluta hússins, gólfplötur og innveggi, er slitnað hafa sundur, ýmist við útveggi eða á veggjum. Virðast flestar sprungurnar stafa út frá sigi reyk háfsins, en hvort uppfyllingin eða reyk háfurinn séu nú fullsigin er ógerlegt að fullyrða. Orsakir eins og óeðlilegur vatnsagi í grunnni, ófullnægjandi frágangur á grunnni, t. d. ef grasrót hefur verið skilin eftir, er fyllt var í grunninn o. fl. geta valdið því, að sig getur enn haldið áfram. Af þeim sökum getum við ekki metið til peningaverðs, hvað kosta muni að gera við skemmdirnar, þannig að húsið verði jafngott sem þær hefðu ekki komið fram, enda verður ekki fyrirbyggt, að slíkt komi fyrir að viðgerð lokinni, nema á þann eina veg, að tryggt sé að reyk háf og innveggjum sé komið á jafnfastan jarðveg og útveggir eru nú á með nauðsynlegum grunnplötum eftir útreikningi verkfræðings“

Matsmennirnir hafa þannig rækilega lýst göllum hússins og bent á orsakir þeirra að svo miklu leyti, sem þeim var unnt. Áætluðu þeir kostnað við að bæta úr göllumunum, að viðbættum öðrum óhjákvæmilegum kostnaði því samfara, kr. 80.000.00.

Dómararnir hafa skoðað umrætt hús og kynnt sér matsgerðina ítarlega.

Samkvæmt því, sem hér að framan hefur verið rakið, eru fullar sönnur að því leiddar, að mikil missmíð hafi verið á undir-

stöðum hússins og því fari fjarri, að frágangur undir gólfplötu neðri hæðar fullnægi byggingarsamþykkt Sauðárkróks.

Stefnda, sem er húsasmíðameistari og hafði á hendi yfirumsjón með byggingu hússins, bar að sjá svo um, að við gerð þess væri í einu og öllu farið eftir gildandi byggingarsamþykkt, enda verða menn að geta treyst því, að byggingameistarar, sem taka að sér að sjá um byggingu húsa, ræki þessa skyldu sína. Þessa skyldu hefur stefndi stórlega vanrækt, með því að sjá ekki svo um, að tilhlýðilega væri frá undirstöðum hússins gengið. Fyrir því verður að telja hann bera fébótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna framkominna galla á oftnefndu húsi.

Liggur þá næst fyrir að ákvarða fjárhæð bótanna. Matsupphæðin er ósundurliðuð í sjálfri matsgerðinni. Gerðar voru ráðstafanir til þess að fá matsmennina fyrir dóm til þess að gefa nánari skýringu á þessu atriði. Reyndist þá annar þeirra, Ásgeir Valdimarsson byggingarverkfræðingur, fluttur búferlum af landinu, en hinn matsmaðurinn, Sveinn Ásmundsson byggingarmeistari, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að matsupphæðin sé byggð upp úr ýmsum liðum, sem þeir matsmennirnir hafi reiknað með, en gögnin varðandi þá sundurliðun sé í vörzlu Ásgeirs Valdimarssonar. Sveinn hefur sundurliðað matsupphæðina eftir minni og lagt fram sem dskj. nr. 19. Hinir sérfróðu meðdómendur hafa kynnt sér þessa sundurliðun og samanborið við matsgerðina og fyrrgreinda skoðun á húsinu telja þeir matsupphæðina sízt of hátt áætlaða. Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 80.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. sept. 1959 til greiðsludags. Rétt þykir, sbr. 175. gr. laga nr. 85/1936, að kostnaður við dómkvaðningu matsmanna og matskostnaður sé reiknaður með öðrum málskostnaði, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 13.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Sigfússon, greiði stefnanda, Sigurði J. Guðmundssyni, kr. 80.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. september 1959 til greiðsludags og kr. 13.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.